



Ársskýrsla 2015



Apríl 2016

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Hluthafar félagsins	2
Stjórn félagsins.....	3
Innri starfsemi félagsins	3
Helstu verkefni ársins 2015.....	4
Atvinnu- og byggðapróun	4
Atvinnuráðgjöf og nýsköpun	6
Upplýsingaöflun	7
Samstarfs- og þjónustuverkefni	7
Vaxtarsamningur Norðausturlands (VAXNA)	8
Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra.....	9
Hvatningarverðlaun AP	9
Rekstur ársins og framtíðarhorfur	10
Rekstrarreikningur ársins 2015	11
Efnahagsreikningur 31. desember 2015	12

Umsjón skýrslu: Starfsmenn AP

Forsíðumynd: Ari Páll Pálsson

Ljósmyndir: Angelika Ingrid, Ari Páll Pálsson, Böðvar Bjarnason, Hróbjartur Sigurðsson, Mariell Amélie.

Prentun: Ásprent Stíll / Stell.

Inngangur

Árið 2015 markaði þáttaskil í áralangri baráttu samfélagsins fyrir nýtingu orkuauðlinda svæðisins til atvinnusköpunar í héraði. Með því má segja að skotið sé fjórðu meginstoðinni undir atvinnulífið á svæðinu sem fyrir byggir á landbúnaði, sjávarútvegi og ört vaxandi ferðaþjónustu. Mikilvægt er að hlúa að þessum undirstöðum öllum þannig að þær geti vaxið og dafnað. Þannig skapast forsendur fyrir auknum fjölbreytileika í atvinnuháttum og tækifæri til frekari þróunar og nýsköpunar. Jafnframt mynda þessar greinar sterkari forsendur fyrir þjónustustarfsemi ýmis konar á tiltölulega fámennum heimamarkaði. Í umhverfi ríkulegra náttúruauðlinda, sem segja má að þessar fjórar megin stoðir byggji á, strjálbýlis, fámennis og neikvæðrar lýðfræðilegrar þróunar um langt árabil blasa við okkur áhugaverðar áskoranir. Hvernig getum við sem samfélag laðað til okkar ungt fólk með fjölbreyttan bakgrunn í menntun og reynslu til að beita kröftum sínum og hugviti til verðmætasköpunar hér? Hluti svarsins hlýtur að felast í því að styðja við sem mesta fjölbreytni í atvinnuháttum og nýta til þess styrkleika svæðisins. Samhliða því þarf að gera stóráttak í uppbyggingu innviða fjarskipta og gagnaflutninga sem ásamt hefðbundnum samgöngum eru lífæðar nútíma samfélagsgerðar. Síðast en ekki síst þarf stjórnsýsla og þjónustuumhverfi sveitarfélaganna að vera á pari við það sem best gerist og þau að nýta bjargir sínar sameiginlega til að hámarka þau gæði á svæðinu öllu.

Hluthafar félagsins

Við yfirtöku Landsbanka Íslands á Sparisjóði Norðurlands sem tók gildi í september 2015 varð bankinn hluthafi í félaginu í stað sparisjóðsins. Aðrar breytingar urðu ekki á hlutfé félagsins né eignarhaldi þess. Hluthafar í félaginu eru því sem fyrr 19 að tölu og heildarhlutfé félagsins kr. 10.500.000 sem skiptist þannig:

Hluthafi	Hlutfé	Prósenta
Norðurþing	4.956.042	47,200%
Þingeyjarsveit	1.919.920	18,285%
Fræ ehf./Langanesbyggð	1.066.049	10,153%
Skútustaðahreppur	759.139	7,230%
Sparisjóður Suður Þingeyinga ses.	494.402	4,709%
Landsbanki Íslands hf.	305.271	2,907%
Framsýn - stéttarfélag	286.659	2,730%
Arctic Edge Consulting ehf.	159.280	1,517%
Verkalýðsfélag Þórshafnar	142.506	1,357%
Tjörneshreppur	118.182	1,126%
Þingið	98.861	0,942%
Starfsmannafélag Húsavíkur	98.861	0,942%
Mannvit hf.	33.228	0,316%
Garðræktarfélag Reykhverfinga hf.	21.823	0,208%
Hótel Reynihlíð hf.	21.823	0,208%
Kísiliðjan hf.	10.619	0,101%
Svalbarðshreppur	5.309	0,051%
Björn St. Haraldsson	1.593	0,015%
Jónas Reynir Helgason	434	0,004%

Stjórn félagsins

Á aðalfundi AP 2015 sem haldinn var í Breiðumýri mánudaginn 20. apríl varð sú breyting á stjórn félagsins að Yngvi Ragnar Kristjánsson vék úr aðalstjórn en inn kom Elías Pétursson. Ný stjórn, sem kjörin var samkvæmt tillögum frá fulltrúum hluthafa, er þannig skipuð að aðalmenn eru Aðalsteinn Árni Baldursson, Arnar Guðmundsson, Sif Jóhannesdóttir, Sigfús Haraldur Bóasson og Elías Pétursson. Varamenn eru Björn Víkingur Björnsson og Yngvi Ragnar Kristjánsson.

Á fyrsta stjórnarfundinum, sem haldinn var 20. apríl skipti stjórnin með sér verkum. Sif Jóhannesdóttir gegnir formennsku og Elías Pétursson varaformennsku. Sigfús Haraldur Bóasson er ritari en meðstjórnendur eru þeir Aðalsteinn Árni Baldursson og Arnar Guðmundsson. Stjórn félagsins fundaði 8 sinnum á starfsárinu.



Innri starfsemi félagsins

Starfsmenn eru fjórir í jafn mörgum stöðugildum; Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri, Ari Páll Pálsson, Jóna Matthíasdóttir og Silja Jóhannesdóttir sem sinna atvinnuráðgjöf og verkefnastjórnun. Jóna annast einnig bókhald og launavinnslu. Öll veita þau ráðgjöf og ýmsa aðstoð við einstaklinga og fyrirtæki.


Ekki er í gildi sérstök áætlun um endurmenntun starfsmanna, en gert er ráð fyrir að félagið komi til móts við starfsmenn sem sækja sér nám með því að taka á sig helming fjarvista vegna tímasóknar. Á árinu sóttu starfsmenn félagsins dagsnámskeið í notkun Excel, sem haldið var á vegum Þekkingarnets Píngeyinga. Einnig sótti verkefnastjóri Brothættra byggða námskeið í markaðssetningu frumkvöðlafyrirtækja.

Ákveðið var að færa gagnavistun og -vinnslu úr hefðbundinni kerfisleigu hjá Advania í svokallaða „skýjalausn“ hjá Microsoft sem nefnist Office 365. Um er að ræða netlæga gagnavistun og -vinnslu í gegnum áskriftarþjónustu Advania. Hvort tveggja er að þetta fyrirkomulag eykur gagnaöryggi og auðveldar ýmsa sameiginlega vinnu og er hagkvæmara fjárhagslega en fyrra fyrirkomulag. Jafnframt var ákveðið að skipta um bókhaldskerfi frá og með sl. áramótum og taka upp TOK í áskrift.

Á árinu 2015 varð sú breyting á starfsmannahaldi félagsins að Silja Jóhannesdóttir var ráðin verkefnastjóri byggðaeftirlitarkerfnis á Raufarhöfn sem ber heitið *Raufarhöfn og framtíðin* og er hluti verkefnisins *Brothættar byggðir* sem rekið er á landsvísu og nánari grein er gerð fyrir á öðrum stað í skýrslunni. Í árslok var samþykkt að Öxarfjarðarhérað kæmi inn í verkefnið og mun Silja einnig sinna verkefnisstjórn þar en vinnan fór af stað eftir áramótin. Silja hefur starfsstöðvar í stjórnsýsluhúsinu á Raufarhöfn og húsnæði Landsbankans á Kópaskeri og er að jafnaði með tvo viðverudaga í viku á hvorum stað.

Aðal starfsstöð félagsins er í skrifstofurými á þriðju hæð í gamla Kaupfélagshúsinu að Garðarsbraut 5 á Húsavík í góðu sambýli við fleiri fyrirtæki og stofnanir. Á síðasta ári voru þar einnig Advania, Deloitte, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Landgræðsla ríkisins og Mannvit. Í mars sl. bættist M+W við í fyrirtækjahópinn. Fyrirtækin deila kaffistofu og fundarherbergi og samnýta ýmsa aðstöðu. Er það reynsla manna að þessi sambúð styrkir smáar einingar og eflir samstarf og þjónustu. Fjölbreytt umræðuefni á kaffistofunni geta oft leitt til góðra hugmynda.





Auglýstur opnunartími skrifstofunnar er virka daga 9-12 og 13-16 en almennur vinnutími 8-12 og 13-17. Vegna eðlis starfseminnar, t.d. verkefnavinnu eða funda á víðfeðmu starfssvæði kemur fyrir að ekki er hægt að tryggja viðveru á skrifstofu einstaka daga. Undanfarin ár hefur skrifstofunni verið lokað vegna sumarleyfa tvær vikur í kringum verslunarmannahelgi.

Starfssvæði AP nær yfir sex sveitarfélög sem öll eru eigendur í félaginu. Þau eru Norðurþing, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langesbyggð. Svæðið er mjög víðfeðmt og tekur til um 18% af flatarmáli landsins þó svo að íbúafjöldinn sé aðeins um 1,5% af íbúafjölda landsins.

Helstu verkefni ársins 2015

Hér á eftir verður tæpt á helstu verkefnum ársins til að gefa einhverja mynd af viðfangsefnum sem eru af ýmsum toga. Starfsemi félagsins markast af þeim tilgangi sem settur er fram í samþykktum félagsins, stefnumótun þess og samstarfssamningum við Byggðastofnun og sveitarfélögin á starfssvæðinu. Í samningi félagsins við Byggðastofnun, sem samningar þess við sveitarfélögin byggja einnig á, eru tilgreindir eftirfarandi megin verkþættir; atvinnu- og byggðapróun, atvinnuráðgjöf, nýsköpun, búsetuþættir, upplýsingaöflun, endurmenntun, samtarf o.fl. og loks verkefnasamningar. Verksvið félagsins er því nokkuð víðtækt. Árleg starfsáætlun er byggð á framangreindum ramma en áherslur hennar taka eðlilega mið af viðfangsefnum á hverjum tíma og takmarkast jafnframt af þeim fjárhagsramma sem starfsmannahald og rekstur félagsins býr við.

Atvinnu- og byggðapróun

Sóknaráætlun Eyþings var til endurskoðunar á síðari hluta ársins þó þeirri vinnu hafi ekki lokið fyrr en komið var fram á árið 2016. Eyþing réði utanaðkomandi ráðgjafa til utanumhalds með fundum og úrvinnslu og tók félagið þátt í þeirri vinnu, m.a. með aðkomu að fundi svokallaðs samráðsvettvangs áætlunarinnar sem hafði það hlutverk að skila inn hugmyndum frá sem breiðustum hópi úr landshlutanum að verkefnum og áherslum áætlunarinnar. Einnig tóku starfsmenn félagsins þátt í úrvinnslu afurða fundar samráðsvettvangsins ásamt starfsmönnum Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, Eyþings og Markaðsstofu Norðurlands. Sóknaráætlun landshlutans er að finna í heild sinni á heimasíðu Eyþings, www.eything.is

Fjölnýting jarðhita er vinnuheiti á verkefni sem verið er að forma í samstarfi atvinnuþróunarfélaganna á starfssvæði Eyþings með Landsvirkjun og fleiri aðilum. Verkefnið á m.a. rætur að rekja til verkefnis sem hófst 2013 undir heitinu *Orkuauðlindasamstarf* og lauk með skýrslu um möguleika í sjálfbærri orkuvinnslu á svæðinu. Einnig er að hluta til byggt á verkefnishugmyndum sem þróaðar höfðu verið á starfssvæði félagsins í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og sveitarfélögin á svæðinu varðandi nýtingu lághita. Verkefnisáætlun gerir ráð fyrir að sameinað verði undir einni „regnhlíf“ þróunar- og rannsóknarstarf, nýsköpunarkeppni og vettvangur fyrir námsmenn og sérfræðinga á ýmsum sviðum sjálfbærrar orkunýtingar með tengingar við hinar margvíslegu atvinnugreinar.

Flugklasinn Air66 er verkefni sem miðar að því að koma á betri tengingu landshlutans við erlenda markaði með



beinu millilandaflugi, og/eða tengiflugi frá Keflavík, til Akureyrar. Þar er lögð áhersla á markaðssetningu og kynningu á Akureyrarflugvelli sem áfangastað fyrir millilandaflug allt árið um kring. Verkefnið er leitt af Markaðsskrifstofu Norðurlands (MN). Ákveðinn áfangi náðist í þessu verkefni sl. haust þegar ríkisstjórn Íslands ákvað að fela iðnaðar- og viðskiptaráðherra að hefja undirbúning að stofnun Flugþróunarsjóðs sem hefur það að markmiði að koma á flugi um aðra áfangastaði en Keflavík. Markmið Flugþróunarsjóðs styður við áherslur í Vegvísi í ferðaþjónustu, sér í lagi þá áherslu sem lögð er á dreifingu ferðamanna.

Aftur heim er þróunarverkefni sem hefur það markmið að efla tengsl við brottflutt ungt listafólk og veita því tækifæri til að taka þátt í menningar- og listalífi svæðisins. Með því fæst sérþekking inn á svæðið, tækifæri fyrir unga fólkið að efla tengslanet sitt í heimabyggð og aukin fjölbreytni í menningarlíf á svæðinu, sem er áhrifaþáttur í búsetuvali og vert að hafa í huga þegar reynt er að sporna gegn fólksfækkun. Fyrirmyndin er verkefnið *Tilbagestrøm* sem gefið hefur góða raun í Vesterålen í Noregi. *Aftur heim* hefur verið styrkt af sóknaráætlun landshlutans og Menningarráði Eypings.



Aftur heim hófst árið 2013 í samvinnu Menningarráðs Eypings og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga með aðkomu Menningarmiðstöðvar Þingeyinga og sveitarfélaga á starfssvæðinu. Á árinu 2015 bárust sjö umsóknir um verkefnastyrki og fengu tvö verkefni úthlutað samtals kr. 1.000.000. Þrjár umsóknir bárust um ferðastyrki og hlutu tvær þeirra styrk um samtals kr. 90.000.

Sækja þarf um skráningu í verkefninu til að sækja um styrki og til verður gagnagrunnur um þátttakendur og verkefni þeirra og þar með tengslanet sem nýtist viðkomandi svæði við sköpun frekari menningarviðburða. Það er ánægjulegt að segja frá því, og e.t.v. að hluta til marks um árangur af verkefninu, að af 16 þátttakendum sem skráðir voru í *Aftur heim* á vordögum 2015 fluttu fimm þeirra aftur heim til Norðausturlands á árinu.

Stefnumótun í aðalskipulagi Skútustaðahrepps hófst í lok árs 2014 með íbúafundi í Skjólbrekku og framhalds íbúafundi í janúar. Fundirnir voru haldnir í tengslum við stefnumótun í aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem sérstaklega er lögð áhersla á ferðaþjónustu og að hún verði skilgreind í skipulagi. Starfsmenn atvinnuþróunarfélagsins komu að undirbúningi fundanna með fulltrúum sveitarfélagsins, stýrðu vinnuhópum og unnu samantekt í lokin. Framlagðar hugmyndir hafa verið nýttar í áframhaldandi vinnu, sem enn er í fullum gangi, þar sem ferðaþjónustan er skilgreind sérstaklega sem eitt af leiðarljósum Skútustaðahrepps í aðalskipulagi.

Mótvægisáðgerðir vegna breytinga á starfsemi Þingeyjarskóla sem sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hefur staðið fyrir hafa m.a. falið í sér opna íbúafundi þar sem leitað hefur verið eftir hugmyndum íbúa og úr þeim unnið. Starfsmenn félagsins hafa séð um undirbúning og stýrt þeim fundum ásamt því að taka saman í greinargerð þær hugmyndir sem fram hafa komið. Einnig hafa starfsmenn sótt umræðu- og kynningarfundum sem haldnir hafa verið í *Seiglu – miðstöð sköpunar* sem verið er að koma á laggirnar í húsnæði fyrrum Litlulaugaskóla.

Vorfundur þróunarfélaganna og ársfundur Byggðastofnunar fór að þessu sinni fram í Vestmannannaeyjum í apríl. Þar voru fjölmörg málefni á dagskrá; kynning á verkefninu Nordregio, upplýsingar um greinargerðir vegna Sóknaráætlana landsbyggðahlutanna, staða og kynning á verkefninu *Brothættar byggðir*, umræður um sameiginlegan gagnagrunn og almenn samskipti og upplýsingagjöf milli Byggðastofnunar og þróunarfélaganna.

Haustfundur þróunarfélaganna er árlegur viðburður, en þá koma saman starfsmenn þróunarfélaga og landshlutasamtaka sem sinna atvinnuþróun auk fulltrúa frá Byggðastofnun. Að þessu sinni var fundurinn haldinn í nóvember á Reykjanesi. Þema fundarins var upplýsingarskil landshlutasamtaka vegna Sóknaráætlana, sameiginlegur gangagrunnur atvinnuþróunarfélaganna og upplýsingagjöf á heimasíðum. Byggingastofnun kynnti nýtt Erasmus verkefni í samvinnu við Vinnumálastofnun, fyrirhugaða kynnisferð til Skotlands á vordögum og fór einnig yfir fyrirbyggjandi fjárlög.

Gestum fundarins var einnig boðið í heimsókn til Samtaka atvinnurekenda á Reykjanesi SAR, farið var í skoðunarferð um gamla varnarsvæðið og m.a. skoðuð sýning á *Íbúð Kanans*, starfsemi ISAVIA var kynnt og Masterplan FLE á Keflavíkurflugvelli. Hljómahöllin var heimsótt og starfsemi hennar kynnt og Gestastofa Reykjanes Geopark í Duus húsum skoðuð.



Greining innviða á Norðausturlandi sem unnin var árið 2011 vegna undirbúnings orkufreks iðnaðar í héraðinu hefur nýst félaginu og sveitarfélögunum til almennrar kynningar á aðstæðum á svæðinu, sérstaklega á atvinnusóknarsvæði Húsavíkur. Stöðugt er unnið að uppfærslu á efni skýrslunnar eftir því sem aðstæður leyfa. Ekki var þó ráðist í

heildaruppfærslu greingarinnar á árinu eins og stefnt var að, en vinna er hafin við uppfærslu ákveðinna hluta hennar.

Brothættar byggðir er yfirskrift sértæks byggðaeftlingarverkefnis sem leitt er af Byggðastofnun með þátttöku viðkomandi sveitarfélags, atvinnupróunarfélags og landshlutasamtaka á hverju svæði. Verkefnið á rætur að rekja til þess sameiginlega byggðaeftlingarverkefnis sem hófst á haustdögum 2012 á Raufarhöfn. Árið 2014-2015 var gerð ítarleg úttekt og gerð skýrsla vegna *Brothættar byggða* á vegum innanríkisráðuneytis sem leiddi í ljós að verkefnið var að skila árangri en slípa þyrfti ferla.



Í framhaldi af góðri niðurstöðu skýrslunnar var ráðin verkefnastjóri í apríl 2015, fyrir Raufarhöfn og ber verkefnið þar heitið *Raufarhöfn og framtíðin*. Verkefnastjóri er Silja Jóhannesdóttir og er hún ráðin út árið 2017 og þá lýkur verkefninu formlega. Á Raufarhöfn er búið að setja niður starfsmarkmið og aðgerðir í samræmi við niðurstöður íbúapings og greininga sem íbúar hafa samþykkt. Nú er unnið eftir þeim og eru stærstu málín húsnaði og ferðaþjónusta.

Verkefnastjórn sér um að ákveða framvinduna og vinnur verkefnastjóri í samræmi við samþykktir hennar. Í verkefnastjórn sitja fulltrúar Atvinnupróunarfélags Píngeyinga, Norðurþings, Eyþings, Byggðastofnunar og íbúa.

Helstu verkefni hafa verið að skoða húsnaði á svæðinu og er verið að vinna í húsnaðisgrunni ásamt því að vinna að því að nýta blokkina. Einnig er horft mikið til ferðaþjónustu og er samstarf við Norðurhjaru sem eru samtök ferðaþjónustuaðila á svæðinu, virk og verkefni þar að lútandi. Stórt verkefni er í gangi sem miðar að því að skiltavæða Raufarhöfn og var myndaður starfshópur varðandi það verkefni. Verkefnastjóri heldur úti facebook síðu þar sem hægt er að fylgjast með verkefnunum og er slóðin www.facebook.com/raufarhofnognogframtidin.

Í lok árs 2015 var svo samþykkt að Öxarfjarðarhérað yrði tekið inn í verkefnið *Brothættar byggðir* en formleg vinna við það hófst ekki á árinu. Verkefnastjóri verður Silja Jóhannesdóttir. Stefnt er að íbúapingi í byrjun árs 2016 og í framhaldi af því verða sett niður starfsmarkmið og áætlun líkt og í ofangreindu verkefni.

Atvinnuráðgjöf og nýsköpun

Þessi þáttur í starfinu er jafnan sá sem hvað opnastur er hvað varðar umfang og innihald enda tilgangurinn að mæta samfélaginu, ef svo má segja, bæði hvað varðar magn og inntak, þar sem það er statt á hverjum tíma. Hér er bæði um að ræða einstaklinga sem og ný og starfandi fyrirtæki og tekur ráðgjöfin til ýmissa þátta, s.s. vöruþróunar, fjármögnunar og endurskipulagningar, gerðar rekstraráætlanar, markaðssóknar og kynningar. Drjúgur hluti af þessum þætti starfseminnar snýr að upplýsingagjöf um mögulegan stuðning annars staðar frá og leiðsögn um nokkuð flókið stoðkerfi atvinnulífsins.

Atvinnupróunarfélagið leitast sem fyrr við að vera vakandi og opið fyrir möguleikum til nýsköpunar í atvinnulífi á svæðinu. Í ljósi starfsmannafjölda og verkefnaálags eru því nokkrar skorður settar hversu mikið frumkvæði félagið getur haft á þessu sviði, en rík áhersla er þó lögð á að taka vel á móti og styðja af mætti við nýsköpunarhugmyndir frumkvöðla sem rata inn á borð félagsins.

Mörg þeirra verkefna sem falla undir nýsköpun eru styrkt af Vaxtarsamningi Norðausturlands eða hinum nýja Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra sem greint er frá síðar í þessari skýrslu og ekki tilgreind hér sérstaklega.



Ráðgjöf til frumkvöðla og fyrirtækja er einnig almennt bundin trúnaði og því ekki tíunduð hér.

Stuðningur við fyrirtækjarekstur kvenna er sérstakur lánaflokkur sem stjórn Byggðastofnunar samþykkti í lok árs 2014 að setja upp til stuðnings atvinnurekstri kvenna á landsbyggðinni. Lán þessi eru einungis veitt fyrirtækjum sem eru a.m.k. 50% í eigu kvenna og undir stjórn kvenna, auk fleiri þátta. Skilyrði er að fyrirtækið geri samning um ráðgjöf hjá atvinnupróunarfélagi eða sjálfstætt starfandi ráðgjafa og var fyrsti samningur í þessum flokki undirritaður á síðasta ári.

Upplýsingaöflun

Atvinnumálakönnun – AP hefur framkvæmt atvinnumálakönnun á starfssvæði félagsins síðan 2006 og enn lengur fyrir Húsavík. Gagnagrunnur var smíðaður árið 2006 til að halda utan um þessa tölfræði og í hann er safnað upplýsingum um rekstraraðila og störf og stöðugildi í starfsemi þeirra sumar og vetur.

Árið 2014 var ráðist í endurbætur á gagnagrunninum í kjölfar hugmyndavinnu og áfram var haldið á árinu 2015 að gera úrbætur á honum til að auðvelda gagnavinnslu og upplýsingaleit í honum.

Þessar upplýsingar hafa reynst mjög gagnlegar til að fylgjast með atvinnuþróun á svæðinu. Þær geta m.a. nýst við stöðumat, áætlanagerð og árangursmat. Gagnlegar, svæðisbundnar upplýsingar um skiptingu starfa eftir atvinnugreinum eru ekki fáanlegar eftir öðrum leiðum og því mjög mikilvægt að viðhalda uppfærslu í grunninum.

Við sjálfa gagnaöflunina höfum við notið liðsinnis frá ýmsum aðilum sem vel þekkja til á einstökum svæðum eða tilteknum sviðum, s.s. starfsfólki sveitarfélaganna, og er það samstarf okkur afar mikilvægt. Mikil vinna felst í bæði gagnaöflun og skráningu. Tímafrekt er að afla upplýsinganna og mjög þarf að vanda til verka til að upplýsingarnar séu sem áreiðanlegastar. Oft er kallað eftir upplýsingum, m.a. frá sveitarfélögunum, en þess er jafnan gætt að miðla aðeins yfirlitstölum en ekki upplýsingum um einstaka aðila.

Ferðamenn í Þingeyjarsýslum – AP hefur til margra ára komið mikið að málefnum ferðapjónustu á Norðausturlandi og verið leiðandi í samstarfi aðila á þeim vettvangi. Mikil þörf og eftirspurn hefur verið fyrir upplýsingar á þessu sviði og því hefur félagið keypt gögn um ferðamenn á svæðinu frá Rannsóknnum og ráðgjöf ferðapjónustunnar, sem byggja m.a. á *Dear visitor* könnunum RRF, fyrst árið 2004. Árin 2013 og 2015 voru keypt gögn frá RRF í samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík. Þar vinnur Lilja B. Rögnvaldsdóttir að rannsókn á efnahagslegum áhrifum ferðapjónustunnar í Þingeyjarsýslum, sem er samstarfsverkefni á vegum Þekkingarnets Þingeyinga, Háskóla Íslands og Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála. Hefur AP átt gott og gagnlegt samstarf við Lilju og aðila verkefnisins.

Sjálfbærniverkefni á Norðurlandi er samfélagsvöktunarverkefni sem Þekkingarnet Þingeyinga hefur umsjón með og unnið með aðkomu Landsvirkjunar, Landsnets, PCC, Norðurþings, Skútustaðahrepps, Þingeyjarsveitar og hagsmunasamtaka í ferðapjónustu. Starfsmenn félagsins hafa komið að vinnu við skilgreiningu sjálfbærnivísa sem notaðir verða við vöktunina.



Samstarfs- og þjónustuverkefni

Héraðsnefnd Þingeyinga samdi við félagið árið 2007 um framkvæmdastjórn fyrir nefndina og þau verkefni sem á hennar könnu eru. Um er að ræða ýmis sameiginleg verkefni í héraði, s.s. almannavarnir og yfirumsjón með starfsemi Menningarmiðstöðvar Þingeyinga, sem er sjálfseignarstofnun, en nefndin fer með hlutverk fulltrúaráðs stofnunarinnar og kýs henni m.a. stjórn. Unnið var að Þingeyjarverkefninu sem felur í sér skipulags- og hönnunarvinnu vegna möguleika á nýtingu eyjarinnar m.a. í tengslum við ferðapjónustu. Framlag fékkst frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða í ársbyrjun 2015 og hafa skipulagshönnuðir verið ráðnir til starfa. Þau sérstöku verkefni sem mestan tíma hafa tekið á árinu eru annars vegar endurnýjum fyrirkomulags almannavarna og samstarfsamnings sveitarfélaganna þar um, sem undirritaður var í nóvember og staðfestur af innanríkisráðherra í ársbyrjun 2016. Hins vegar var unnið að gerð stofnsamnings fyrir héraðsnefndina sem byggðasamlags á grundvelli gildandi sveitarstjórnarlaga en fram að þessu hefur nefndin starfað á grundvelli eldri samstarfsamnings sem ekki nýtur lengur stoðar í lögum. Stofnsamningurinn hefur verið samþykktur í öllum aðildarsveitarfélögunum en vegna tafa á afgreiðslu hans í innanríkisráðuneytinu tókst ekki að ljúka formlegri gildistöku eins og að var stefnt í árslok. Gert er ráð fyrir að unnt verði að ljúka fullnaðarafgreiðslu á vofundi héraðsnefndarinnar 2016 og að samningurinn verði þá staðfestur af ráðuneytinu í kjölfarið.

Kísilgúrsjóður var lagður niður með lögum og á árinu 2009 tók félagið með sérstökum samningi við iðnaðarráðuneytið yfir eignir sjóðsins og skyldi ráðstafa þeim til eflingar atvinnulífs og nýsköpunar á svæðinu, nánar tiltekið Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppi og Norðurþingi. Eignirnar voru annars vegar peningalegar en einnig hlutafé í nokkrum fyrirtækjum. Hluta peningalegra eigna hefur verið ráðstafað til hlutafjárkaupa í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum og á árinu var keypt hlutafé í Gáf ehf., Málmís ehf. og MýSköpun ehf.

Aurora Observatory, sjálfseignarstofnun sem félagið sinnir framkvæmda- og fjármálastjórn fyrir, vinnur að uppbyggingu norðurljósarannsóknarstöðvar á Kárhóli í Reykjadal. Á árinu var lokið við skipulags- og hönnunarvinnu vegna stöðvarinnar. Jarðvegsvinnu og vegagerð var að mestu lokið og framkvæmdir við



uppsteypu hússins hafnar. Byggingarframkvæmdir komust síðar af stað og hafa gengið hægar en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir, bæði vegna tafa á hönnunartígi en einnig vegna þeirrar miklu þenslu sem er á byggingarmarkaðnum. Áætlanir gera ráð fyrir að tækjarými hússins og hluti vinnuaðstöðu vísindamanna verði tekin í notkun fyrir árslok 2016. Eins og áður hefur komið fram er rannsóknarstöðin alfarið fjármögnuð af Heimskaustastofnun Kína (Polar Research Institute of China – PRIC) í gegnum leigugreiðslur til sjálfseignarstofnunarinnar. Félagið er einn fimm stofnaðila stofnunarinnar og framkvæmdastjóri félagsins situr í stjórn hennar.

GÁF ehf. sem sex sveitarfélög í landshlutanum stofnuðu á sínum tíma, til að láta reyna á það hvort fjárfestingaráform Zhongkun Investment Group á Grímsstöðum á Fjöllum gætu náð fram að ganga, lauk störfum á árinu án þess að markmiðum félagsins yrði náð. Eigendur þess samþykktu hlutafjárukningu í félaginu til skuldauppgjörs og afsöluðu í framhaldinu eignarhlutum sínum í jöfnum hlutföllum til atvinnuþróunarfélagsins og Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar. Engin starfsemi hefur verið í félaginu á árinu.

Samtök atvinnurekenda á Norðausturlandi – SANA voru stofnuð á Húsavík í nóvember 2011. Meginmarkmið samtakanna er að gæta hagsmuna atvinnurekenda á Norðausturlandi, þ.e. á starfssvæði Atvinnuþróunarfélags Píngeyinga en verkefnastjórn er í höndum AP. Í samtökunum eru nú 31 fyrirtæki og stjórn þeirra starfsárið 2015-2016 skipa Guðmundur Vilhjálmsson, Helgi Kristjánsson og Pétur Snæbjörnsson. Varamenn eru Böðvar Bjarnason og Þorvaldur Þór Árnason.

Sem fyrr hefur félagið átt gott samstarf við aðrar stofnanir og fyrirtæki í héraði sem sinna atvinnu- og byggðamálum, þekkingarnet Píngeyinga, Menningarmiðstöð Píngeyinga, Rannsóknarmiðstöð ferðamála og svo mætti áfram telja. Nokkurt samstarf hefur einnig verið við Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Austurbrú, SSVN og Eyþing.

Enginn skilgreindur ferðamálafulltrúi er á starfssvæðinu en félagið á í góðu samstarfi við Markaðsstofu Norðurlands, sækir þar fundi ferðamálafulltrúa og deilir upplýsinga- og kynningarefni. Starfsmenn hafa einnig sótt ráðstefnur og fundi sem snúa m.a. að uppbyggingu ferðaþjónustunnar og samstarfsverkefna, m.a. svæðisbundinna ferðaþjónustuhópa.

Vaxtarsamningur Norðausturlands (VAXNA)

Árið 2014 var síðasta úthlutunarár Vaxtarsamnings Norðausturlands en samningurinn er rekinn af félaginu skv. sérstökum samningi við Eyþing eins og gerð var grein fyrir í síðustu ársskýrslu. Frá og með árinu 2015 er í gildi samningur milli ríkisvaldsins og Eyþings um sóknaráætlun landshlutans sem felur m.a. í sér að þeir fjármunir og verkefni sem voru á hendi vaxtarsamningsins falli til uppbyggingarsjóðs landshlutans. Gerð er grein fyrir þeirri starfsemi annars staðar í ársskýrslunni. Starfsemi vaxtarsamningsins á árinu 2015 hefur einskorðast við eftirfylgni með þeim verkefnum sem áður höfðu hlotið úthlutun. Í upphafi árs var um að ræða 38 verkefni sem hlotið höfðu



verkefnastyrki í úthlutunum sjóðsins á árunum 2013 og 2014. Þar af voru 20 sem hlotið höfðu styrkvilyrði á árinu 2013, af 39 verkefnum alls sem styrkvilyrði hlutu á því ári og öll 18 verkefni hlutu styrkvilyrði á árinu 2014, en úthlutun fór ekki fram fyrr en á síðari hluta árs vegna tafa á frágangi samninga um rekstur samningsins. Í árslok var staðan sú að 4 verkefnum frá 2013 var enn ólokið og í 5 tilfellum til viðbótar hafði verkefni lokið án þess að styrkur væri nýttur að fullu. Ónýtt styrkvilyrði vegna 2013 sem þannig færðust til tekna á árinu námu tæpum 5 mkr. Af þeim 18 verkefnum sem fengu styrkvilyrði 2014 var 9 ólokið í árslok 2015 og til viðbótar hafði

tveimur lokið án þess að strykur væri nýttur að fullu. Þannig færðust til tekna á árinu rúmar 500 þús. kr. vegna ónýtttra styrkvilyrða frá 2014.

Gert er ráð fyrir að þeim verkefnum sem enn er ólokið verði lokið á árinu 2016 hvort sem styrkvilyrði verða nýtt að fullu eða ekki. Þegar lokauppgjöri vegna verkefnastyrkja er lokið verða fjármunir samningsins, þ.m.t. vaxtatekjur hans færðar til Eyþings og koma til ráðstöfunar hjá Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra. Frekari upplýsingar um fjárhag og rekstur samningsins á árinu er að finna í sérstökum ársreikningi hans sem aðgengilegur verður á heimasíðu atvinnuþróunarfélagsins www.atthing.is.

Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra

Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra er hluti af samningi um Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2015-2019 sem undirritaður var í febrúar 2015. Sjóðurinn er samkeppnissjóður sem tekur við hlutverki Vaxtarsamnings Norðausturlands, Vaxtarsamnings Eyjafjarðar og Menningarráðs Eyþings, og veitir verkefnastyrki til atvinnuþróunar og nýsköpunar, menningarverkefna auk stofn- og rekstrarstyrkja til menningarmála.

Stjórn Eyþings fer með yfirstjórn Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra og skipar úthlutunarnefnd sjóðsins og tvö fagráð. Menningarfulltrúi Eyþings starfar með fagráði á sviði menningar, en atvinnuþróunarfélög landshlutans starfa með fagráði atvinnuþróunar og nýsköpunar. Að sinnir þannig umsýslu fyrir Uppbyggingarsjóð á starfssvæðinu í samkomulagi við Eyþing.

Fyrsti umsóknarfrestur Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra var 13. maí. Auglýst var aftur að hausti eftir umsóknum um styrki til atvinnuþróunar og nýsköpunar á starfssvæði Að með umsóknarfrest 5. október.

Alls bárust 180 umsóknir á árinu 2015, þar af voru 15 umsóknir um stofn og rekstrarstyrki á sviði menningar, 93 umsóknir til menningarverkefna og 72 umsóknir til atvinnuþróunar og nýsköpunar. Úthlutað var styrkvilyrðum að upphæð samtals 84.225.000 sem skiptust þannig: 11 stofn- og rekstrarstyrkir að upphæð alls kr.12.000.000, 54 menningarverkefni hlutu 23.655.000 og á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar hlutu 34 verkefni samtals 48.570.000. Nánar má fræðast um sjóðinn og styrkt verkefni á www.atthing.is/uppbyggingarsjodur

Hvatningarverðlaun Að

Hvatningarverðlaun Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hafa verið árviss atburður í tengslum við aðalfund félagsins frá árinu 2002. Þau verða því afhent í fimmtánda sinn í tengslum við aðalfund félagsins, sem haldinn er í Skúlagarði 11. apríl 2016. Markmiðið með verðlaununum er að hvetja einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir til nýsköpunar og árangurs í rekstri með því að verðlauna það sem vel er gert á þessu sviði. Á síðasta ári var það Vélaverkstæðið Árteigur sf. sem hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi framleiðslustarfsemi þar sem hugvit og fádæma verkþekking eru tvinnuð saman til hagnýtingar vatnsafls.

Handhafar verðlaunanna undanfarin fjórtán ár eru:

- 2015 – Vélaverkstæðið Árteigur sf.
- 2014 – Akursel ehf.
- 2013 – Fiskeldið Haukamýri ehf.
- 2012 – Mýflug hf.
- 2011 – Ísfélag Vestmannaeyja hf.
- 2010 – Stóruvellir ehf. og Handverkskonur milli heiða
- 2009 – Hótel Norðurljós - Erlingur Thoroddsen
- 2008 – Skóbúð Húsavíkur og Hvalasafnið á Húsavík
- 2007 – Garðræktarfélag Reykhverfinga
- 2006 – Meðferðarheimilið í Árbót
- 2005 – Silkiprent og fána ehf.
- 2004 – Baðfélag Mývatnssveitar og Sel Hótel Mývatn
- 2003 – Fjallalamb hf.
- 2002 – Safnahúsið á Húsavík



Rekstur ársins og framtíðarhorfur

Nokkrar breytingar urðu á rekstrarreikningi samanborið við fyrra ár. Munar þar mestu um auknar tekjur sem stafa af sérstökum samningi við Byggðastofnun vegna verkefnisins *Brothættar byggðir*. Framlög samkvæmt samstarfssamningi við stofnunina héldu hins vegar ekki fullu verðgildi sínu á milli ára. Það gerði hins vegar framlög sveitarfélaganna sem hækkuðu um rúm 5% á milli ára. Þá vaxa verkefnatekjur nokkuð á milli ára sem skýrist aðallega af einskiptistekjum vegna þróunarverkefnis og kostnaðurinn speglast svo í öðrum rekstrargjöldum.

Launakostnaður vex og kemur þar bæði til kostnaður vegna nýs starfsmanns sem ráðinn var í verkefnið *Brothættar byggðir* en einnig er um að ræða áhrif kjarasamninga sem gildi tóku á árinu. Önnur rekstrargjöld standa nokkuð í stað ef frá eru taldir einstakir liðir og einskiptiskostnaður. Þá voru tækjakaup gjaldfærð þar sem svigrúm var til þess í rekstrarreikningi.

Rekstrarafgangur félagsins er heldur meiri en undanfarin ár þó enn sé hann verulega hóflegur. Engu að síður hefur það í för með sér greiðslu tekjuskatts til ríkisins vegna rekstrarforms félagsins. Í ljósi þess að tekjur þess eru að stærstum hluta framlög, þar sem sveitarfélögin bera verulegan hluta, væri æskilegt að breyta rekstrarforminu þannig að þessi skattskylda væri ekki fyrir hendi.

Í ljósi ofanritaðs og þeirrar vinnu sem fram hefur farið á vettvangi Héraðsnefndar Þingeyinga og greint er frá á öðrum stað í ársskýrslunni eru ítrekaðar hugmyndir sem fram hafa verið settar áður á þessum vettvangi um heildarendurskipulag sameiginlegra verkefna sveitarfélaganna á starfssvæði félagsins. Ljóst er að talsverð skörun er á milli þeirra verkefna sem félagið sinnir og ýmissa sameiginlegra hagsmunamála sveitarfélaganna. Þá er ljóst að ná má ákveðinni rekstrarhagræðingu með því að hafa reksturinn undir sameiginlegum hatti í stað marga smærri eininga. Með réttri útfærslu samstarfsins skapast einnig tækifæri til þess að styrkja stjórnsýslu sveitarfélaganna sjálfra, ekki síst þeirra fámennari og ná þannig fram faglegum ávinningi í rekstri þeirra án þess átakaferils sem sameiningar þeirra hafa gjarnan haft í för með sér. Stefnumörkun ríkisvaldsins varðandi aukið hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga, m.a. á sviði atvinnu- og byggðaðróunar, kalla einnig á að aðstandendur félagsins hugi að því hvernig þessum málum verði best sinnt út frá hagsmunum samfélagsins á svæðinu. Þéttari varðstaða og sameiginleg barátta sveitarfélaganna fyrir hagsmunum svæðisins eru til þess fallin að styrkja stöðu þess í samhengi hins stærra samstarfs á vettvangi Eyþings. Síðast en ekki síst er svæðið að horfa til nýrra tækifæra í atvinnuuppbyggingu, bæði á sviði orkunýtingar og ferðaþjónustu, sem kalla á að svæðið allt vinni sem heild til að tryggja að þau tækifæri verði nýtt með sjálfbærum hætti.



Rekstrarreikningur ársins 2015

	Skýr	2015	2014
Rekstrartekjur			
Framlög Byggðastofnunar	2	20.973.571	13.015.099
Framlög sveitarfélaga	3	15.218.368	14.455.612
Umsjón verkefna/Framlög fyrirtækja og stofnana		4.677.500	2.270.336
Aðrar tekjur		1.995.685	878.160
		<u>42.865.124</u>	<u>30.619.207</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	13	31.525.390	23.749.158
Annar rekstrarkostnaður	13	10.612.273	6.865.489
Afskriftir	4	133.787	186.206
		<u>42.271.450</u>	<u>30.800.853</u>
Rekstrarhagnaður (-tap)		593.674	(181.646)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		496.151	577.196
Vaxtagjöld		(673)	(3.930)
		<u>495.478</u>	<u>573.266</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		1.089.152	391.620
Tekjuskattur	12	(221.390)	(82.204)
Hagnaður ársins		<u>867.762</u>	<u>309.416</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir	Skýr.	2015	2014
Fastaffjármunir			
Varanlegir rekstrarffjármunir:			
Tölvubúnaður	4	312.168	445.955
Áhættufjármunir:			
Eignarhlutir í öðrum félögum og langtímakrafa	5	4.845.077	3.495.077
Fastaffjármunir samtals		5.157.245	3.941.032
Veltufjármunir			
Birgðir	6	1.031.940	1.285.692
Viðskiptakröfur	7	2.619.825	4.917.067
Krafa á Vaxtarsamning Norðausturlands		0	1.816.511
Aðrar skammtímakröfur		99.230	115.440
Handbært fé		15.904.763	11.535.579
		19.655.758	19.670.289
Eignir samtals		24.813.003	23.611.321

Eigið fé og skuldir	Skýr.	2015	2014
Eigið fé	8		
Hlutafé		10.500.000	10.500.000
Ójafnað tap		(7.392.426)	(8.260.188)
		3.107.574	2.239.812

Skuldir og skuldbindingar

Skuldbindingar			
Eignir fyrrum Kísilgúrsjóðs	9	12.954.795	12.954.795
Tekjuskattsskuldbinding	12	35.199	5.525
		12.989.994	12.960.320

Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		857.910	388.955
Skuld við Vaxtarsamning Norðausturlands		383.889	0
Fyrirframinnheimtar tekjur	10	3.744.034	5.374.034
Tekjuskattur	12	191.716	76.679
Ýmsar skammtímaskuldir	11	3.537.886	2.571.521
		8.715.435	8.411.189

Skuldir og skuldbindingar samtals		21.705.429	21.371.509
--	--	------------	------------

Eigið fé og skuldir samtals		24.813.003	23.611.321
------------------------------------	--	------------	------------